

Frá stefnu- og gæðaráði háskólaráðs HÍ

Rammi fyrir notkun gervigreindar í Háskóla Íslands

Gervigreind ryður sér nú til rúms í námi og kennslu rétt eins og í öðrum geirum samfélagsins. Að undanfögnu hefur mikil umræða spunnist um áhrif þessa á nám og störf nemenda og kennara Háskóla Íslands. Er þá sérstaklega átt við möguleg áhrif spjallgreindar (Chat GPT) á kennsluhætti og ekki síður námsmat. Þróun þessarar tækni er afar hröð og áhrif hennar á nám og kennslu koma án efa til með að verða töluverð. Þrátt fyrir það þykir ekki ástæða til að breyta reglum um námsmat en þess í stað leggja áherslu á að allar reglur um notkun hjálpartækja eða búnaðar í námi innan HÍ gildi einnig um notkun gervigreindar. Tílefni er því til að skerpa á formlegum reglum skólans um notkun heimilda og hvers kyns hjálpartækja eða búnaðar við námsmat.

Gervigreind getur verið áhrifaríkt tæki til að einfalda og flýta fyrir vinnu ef rétt er með hana farið. Í þessu sambandi telur Háskóli Íslands mikilvægt að nemendur og kennarar hafi í huga eftirfarandi meginreglur:

- Notkun gervigreindar í skólastarfi þarf að uppfylla allar kröfur háskólans bæði frá tæknilegu og siðferðilegu sjónarhorni.
- Um notkun gervigreindar í skólastarfi gilda sömu reglur og um notkun allra annarra heimilda og aðstoðar í námi; vísa þarf til heimilda skv. viðurkenndum stöðlum háskólans.
- Um notkun gervigreindar í skólastarfi gilda sömu siðferðislegu reglur og skyldur og um notkun annarra tækja og tóla.
- Um **misnotkun** gervigreindar í skólastarfi gilda sömu reglur og um allt annað akademískt misferli.

Samp. háskólaráði 4. maí 2023.